



Alþingi
Erindi nr. P 2/2154
Erihu nr. P
komudagur 18.5.2006.

Læknafélag Reykjavíkur

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

18. maí 2006

Efni: Frumvarp til laga um almannatryggingar, 792. mál, samningar við sérgreinalækna

Stjórn Læknafélags Reykjavíkur tók ofangreint frumvarp til umfjöllunar á fundi sínum þann 16. maí sl. Fundinn sat einnig formaður samninganefndar LR.

Í athugasemdum með ofangreindu frumvarpi er þess getið, að það sé lagt fram vegna ráðstafana sem grípa þurfti til 1. apríl 2006 vegna afsagna hjartasérfræðinga af samningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.


Ef ákvæði 3. mgr. 36. gr. 1. nr. 117/1993 er skoðað virðist framlögð breytingatillaga óþörf. Í tilvitnuðu ákvæði er ráherra falið vald með reglugerðarheimild til að ákveða hvort endurgreiða skuli vegna læknisheimsókna til sérfræðinga sem eru án samnings. Þessa heimild hefur ráðherra þegar nýtt sér þegar kemur að endurgreiðslu kostnaðar vegna tannlækninga, sbr. reglugerð nr. 576/2005 um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar.

Virðist því rangt sem fram kemur í fylgiskjali fjárlagskrifstofu fjármálaráðuneytis og í athugasemdum við lagafrumvarpið, að einungis sé samkvæmt núgildandi lögum heimilt að endurgreiða vegna þjónustu sem samið hefur verið um skv. 39. gr.

Það má benda á að lagatæknilega er 36. gr. 1. nr. 117/1993 sérkennilega uppsett. Í 1. mgr., sem virðist gert ráð fyrir að sé meginreglan, er gert ráð fyrir að endurgreiðsla eigi sér ekki stað nema samið hafi verið um viðkomandi þjónustu skv. 39. gr. laganna. Í lokamálsgrein ákvæðisins er hins vegar að finna reglu sem er mun víðtækari en upphafsmálsgreinin þar sem hún kveður á um að heimilt sé að setja reglugerð um víðtækari kostnaðarþátttöku.

Af ofangreindri lagatæknilegri ástæðu er framlögð breytingatillaga í 2. gr. frumvarpsins, sem verður 3. mgr. 36. gr. verði frumvarpið óbreytt að lögum, til skýringar á sjúkratryggingum landsmanna. Þó má vekja á því athygli að samkvæmt uppsetningunni eru landsmenn ekki sjúkratryggðir nema kveðið sé sérstaklega á um sjúkratryggingar í lögum, reglugerðum eða samningum. Það má rökstyðja að kerfið ætti að vera með þeim hætti að landsmenn séu sjúkratryggðir en að kveða megi á um greiðsluþátttöku sjúklinga í lögum, reglugerðum eða samningum.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Reykjavíkur


Sigurður Bóðvarsson
Formaður LR